

Leiðbeiningar varðandi umsókn um gististaði

Heimagisting og íbúðargisting

Umsóknareyðublað má nálgast á heimasíðu okkar heilbrigdiseftirlit.is undir kaflanum *Starfsleyfi*. Hægt er að skanna útfyllt eyðublað og senda á tölvupóstfangið hkk@heilbrigdiseftirlit.is eða koma á skrifstofu okkar að Garðatorgi 5, Garðabæ.

Taka þarf fram á umsókn hvort sótt sé um leyfi til heimagistingar eða íbúðargistingar.

Heimagisting:

Gisting á lögheimili einstaklings eða einni annarri fasteign í hans eigu sem hann hefur persónuleg not af. Heimagisting er eingöngu leyfð í samþykktu íbúðarhúsnæði.

Taka þarf eftirfarandi atriði fram á umsókninni:

1. Staðfestingu þess efnis að útleiga standi yfir í hámarki 90 daga á almanaksárinu.
2. Hvort einhver búi á staðnum.
3. Hvort allt húsið sé ætlað fyrir starfsemina eða aðeins ákveðin rými og herbergi.
4. Fyrir hve marga gesti er sótt um.

Kostnaður leyfisveitingar fyrir 90 daga leyfi er 26.400 kr. með eftirliti á vettvangi og afgreiðslu starfsleyfis. Reynist nauðsynlegt að framkvæma annað eftirlit fer kostnaður skv. gjaldskrá. Leyfið gildir fyrir almanaksárið.

Bóka þarf úttekt heilbrigðisfulltrúa með hæfilegum fyrirvara. Vakin er athygli á því að ekki er farið í úttekt í herbergi eða íbúðir á meðan þau eru í útleigu.

Íbúðargisting:

Íbúðarhúsnæði sérstaklega ætlað til útleigu til gesta til skamms tíma.

Taka þarf eftirfarandi atriði fram á umsókninni:

1. Hvort allt húsið sé ætlað fyrir starfsemina eða aðeins ákveðin rými og herbergi.
2. Fyrir hve marga gesti er sótt um.

Kostnaður við leyfisveitinguna:

Starfsleyfisgjald: 26.400 kr.

Eftirlitsgjald: 9.900 kr.

Athugið að eftirlitsgjald er innheimt árlega skv. gjaldskrá á meðan að starfsleyfið er í gildi.

Leyfið er gefið út til allt að fjögurra ára í senn að fenginni umsögn byggingarfulltrúa og úttekt heilbrigðisfulltrúa.

Bóka þarf úttekt heilbrigðisfulltrúa með hæfilegum fyrirvara. Vakin er athygli á því að ekki er farið í úttekt í herbergi eða íbúðir á meðan þau eru í útleigu.

24. febrúar 2017

